

**Prófnefnd löggiltra endurskoðenda**  
**Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti**  
**9. október 2019**  
**kl. 9:00 – 17:00**

***Ábendingar:***

***Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.***

***Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.***

***Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.***

***Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.***

***Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.***

***Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.***

## Verkefni 12 – 45 mín.

Áhættustjóri (e. Risk Management Partner) GlobalAudit leitar til þín með nokkur mál sem þarfnast úrlausnar.

- A) Einn af eigendum endurskoðunarstofunnar lauk störfum vegna aldurs 1. júlí síðastliðinn en hann hafði meðal annars stýrt innra gæðastarfi félagsins um árabíl. Eftirmaðurinn starfaði við hlið hans í einn mánuð og var þannig þjálfaður í starfið. Við starfslokin var gerður samningur við fyrrverandi eigandann um að aðstoða eftirmanninn eftir því sem þörf væri á og að minnsta kosti í ár eftir starfslokin. Þá var einnig ákveðið að fá hann til að leggja mat á skiptingu árangursþóknunar á milli eigenda með faglegru greinargerð um gæði einstakra verkefna. Um leið og það fréttist að fyrrum eigandinn væri hættur höfðu tveir stórir viðskiptavinir GlobalAudit (með skráð hlutabréf í kauphöll) samband við hann og óskuðu eftir setu hans í endurskoðunarnefndum félaganna. Hann þáði boðið enda hafði hann sýnt því áhuga að sitja í endurskoðunarnefndum á efri árum og talið það vera jákvætt ef hann gæti miðlað áralangri þekkingu til annarra.

Fyrrum eigandinn hafði samband við nýja áhættustjóra GlobalAudit og sagði honum frá þessu með endurskoðunarnefndirnar en tók jafnframt fram að þessir tveir viðskiptavinir hefðu ekki verið viðskiptavinir sínir síðastliðin tvö ár.

- B) Einn úr endurskoðunarteymi GlobalAudit var fenginn til að koma sem sérfræðivitni fyrir dómara vegna fyrirtækis sem hann hafði tekið þátt í að endurskoða. Í upphafi var gert ráð fyrir að málið væri lítið og því yrði þóknun vegna þessarar vinnu óveruleg í samhengi við endurskoðunarþóknun félagsins. Áritunarendurskoðandinn (e. engagement partner) hefur síðar samband þar sem ljóst er að þóknun vegna þessarar aukavinnu er orðin veruleg og fer að nálgast þóknun vegna endurskoðunar ársins sem var reyndar mjög lág vegna samkeppni og tilboða í verkið.
- C) Margir af viðskiptavinum GlobalAudit fóru illa út úr hrúninu á árunum 2007-2008 og missti félagið því nokkra stóra viðskiptavini. Miklar umræður urðu um stöðuna í stjórn GlobalAudit og ljóst að auka þyrfti tekjur félagsins. Rætt var um að skerpa tengslanet eigenda og þeim gert að sækja á markaðinn. Ákveðið var að auka markaðskostnað félagsins og eyrnamerkja hverjum eigenda tvær milljónir á árunum 2018 og 2019 sem þeir mættu nýta í markaðssókn. Gosi Gauksson, einn af eigendum GlobalAudit, horfði strax til annarra endurskoðunarfyrirtækja á Íslandi varðandi það hvernig þau byggðu upp tengslanet. Gosi náði strax árangri og náði góðu sambandi við forstöðumann fjármálasviðs eins af stóru lífeyrissjóðunum á Íslandi. Gosi bauð forstöðumanninum með sér á leik með Liverpool (sem var uppáhaldslið forstöðumannsins í ensku deildinni), gaf honum boðsmíða á landsleiki í fótbolta og sendi honum og öðrum stjórnendum lífeyrissjóðsins ásamt stjórn veglegar jólagjafir. GlobalAudit var kosið endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins á næsta ársfundi. Verkefnið var mikill fengur fyrir GlobalAudit og þótti ljóst að þessum markaðskostnaði hefði verið vel varið. Gosi gætti svo að því í framhaldinu að halda góðum tengslum við stjórnendur lífeyrissjóðsins. Gosa var hampað sem markaðsmanni ársins á hluthafafundi hjá GlobalAudit og hann beðinn að deila

reynslu sinni með öðrum eigendum félagsins. Gosi taldi að lykillinn að árangursríku markaðsstarfi væru tengslin við viðskiptavininn. Hann væri búinn að fá fjölda aukaverkefna fyrir lífeyrissjóðinn þar sem hann passaði alltaf að senda stjórnendum sjóðsins reglulega tölvupósta og hringja í þá. Svona rétt til að spjalla um daginn og veginn, alls ekki alltaf um eitthvað viðskiptatengt.

### **Úrlausnarefni:**

**Gerðu grein fyrir hvort og þá með hvaða hætti ofangreindar aðstæður gætu haft áhrif á óhæði GlobalAudit og hvernig áhættustjóri ætti að bregðast við.**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til. Gættu sérstaklega að því að vísa skilmerkilega í siðareglur.*

### **Svarið í word-svarskjali**

### Verkefni 13 – 50 mín.

Fjárskapandi einingar (e. cash-generating units) Framtíðartæknifélagsins hf. eru tvær; deildirnar A og B. Í Framtíðartæknifélaginu er viðskiptavild sem varð til við kaup félagsins á samkeppnisaðila fyrir nokkrum árum. Það félag var í framhaldinu sameinað Framtíðartæknifélaginu. Einingar A og B nýta sér báðar grunnupplýsingakerfi félagsins sem stjórnendur telja ekki unnt að deila niður með skynsamlegum og samræmdum hætti á fyrrnefndar fjárskapandi einingar þegar kemur að virðisprófum (e. impairment testing). Bókfært verð grunnupplýsingakerfisins er 50.000. Öðrum eignum félagsins er deilt niður á fyrrnefndar fjárskapandi einingar samanber töfluna hér að neðan.

Framtíðartæknifélagið gerir reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Um mitt ár 2019 eru vísbendingar um virðisrýrnun eigna félagsins og því þarf að gera virðispróf til að leggja mat á endurheimtanlegt virði eigna. Eftirfarandi eru upplýsingar um bókfært verð eigna félagsins fyrir færslu virðisrýrnunar.

|                              | Deild A | Deild B | Aðrar eignir |
|------------------------------|---------|---------|--------------|
| Grunnupplýsingakerfi.....    |         |         | 50.000       |
| Land.....                    | 50.000  | 32.000  |              |
| Húsnæði.....                 | 110.000 | 57.500  |              |
| Aðrir rekstrarfjármunir..... | 60.000  | 100.000 |              |
| Viðskiptakröfur.....         | 10.000  | 8.000   |              |
| Birgðir.....                 | 20.000  | 10.000  |              |
| Viðskiptavild.....           | 10.000  | 7.500   |              |
|                              | 260.000 | 215.000 | 50.000       |

Virðisprófið var unnið með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga. Niðurstöður prófsins voru að endurheimtanlegt virði eigna félagsins væri sem hér segir:

|  |         |
|--|---------|
| Heildareignir Framtíðartæknifélagsins..... | 485.000 |
| Eignir deildar A.....                      | 239.000 |
| Eignir deildar B.....                      | 210.000 |

Aðrar upplýsingar:

1. Vænt söluvirði birgða að frádregnum sölukostnaði er hærra en bókfært verð þeirra. Viðskiptakröfur voru metnar í samræmi við IFRS 15 og er búið að færa þar niður í samræmi við IFRS 9.
2. Gangvirði að frádregnum ráðstöfunarkostnaði (e. fair value less costs of disposal) þess lands sem tilheyrir fjárskapandi einingunni A er 48.000.

**Úrlausnarefni:**

**Verkefni þitt er eftirfarandi.**

**Reiknaðu út og gerðu færslur vegna virðisrýrnunar sem færa þarf vegna niðurstöðu virðisprófsins. Sýndu alla nauðsynlega útreikninga og láta koma skýrt**

fram hvaða eignir eru færðar niður og eftir því sem við á hvorri fjárskapandi einingunni þær tilheyra. Ekki þarf að taka tillit til tekjuskatts í þessu verkefni.

**Svarið í excel- eða word-svarskjali**

## **Verkefni 14 – 50 mín.**

Í upphafi árs 2019 gerði Félagið hf. leigusamning um verslunarhúsnæði við leigusalann Gæðaleigu hf. Félagið hf. er leigutaki í samningnum. Félagið hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Verkefnið skal leysa fyrir leigutakann, Félagið hf.

Eftirfarandi eru upplýsingar úr leigusamningi félaganna.

### **1. gr. Upphaf leigu og leigutími**

Leigusamningurinn gildir frá og með 1. janúar 2019. Hann er til tíu ára og lýkur honum því 31. desember 2028, nema samningaðilar nýti sér uppsagnarheimildir, sbr. 2. gr. sammingsins.

### **2. gr. Uppsagnarheimildir**

Leigutaka er heimilt að segja upp leigusamningnum þann 30. september 2024. Skal þá leigutíma ljúka í lok þess sama árs.

Leigusala er heimilt að segja upp leigusamningum þann 30. september 2026. Skal þá leigutíma ljúka í lok þess sama árs.

### **3. gr. Leigugreiðslur**

Leigugreiðslur greinast þannig:

a) Föst leigugreiðsla hvers árs skal greidd í upphafi árs. Fyrstu leigugreiðslu skal leigutaki inna af hendi 1. janúar 2019. Föst leigugreiðsla ársins 2019 er 50.000 þús. kr. Leigugreiðslur hvers árs eru verðtryggðar og skulu taka breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka nýliðins árs.

b) Til viðbótar við fyrrnefnda fasta leigugreiðslu skal leigutaki í lok hvers árs greiða leigusala veltutengda leigugreiðslu. Veltutengd leigugreiðsla skal nema 1,0% af vörusölu leigutaka í hinu leigða verslunarhúsnæði fyrstu 11 mánuði viðkomandi árs. Veltutengd leiga skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 5.000 þús. kr. á ári. Þessi lágmarksfjárhæð veltutengdrar leigu er ekki verðtryggð og skal því haldast óbreytt út leigutímann.

### **Aðrar upplýsingar**

1. Vísitala neysluverðs var 462 í upphafi árs 2019 en 476 í lok árs.
2. Vörusala Félagsins hf. í hinu leigða verslunarhúsnæði nam 1.200.000 þús. kr. fyrstu 11 mánuði ársins 2019.
3. Forsvarsmönnum Félagsins hf. þykir ólíklegt að þeir muni nýta sér uppsagnarheimild félagsins sem greint er frá í leigusamningnum. Þeir geta hins vegar ekki lagt mat á líkur þess að leigusali nýti sér sína uppsagnarheimild.
4. Við útreikninga skal nota 10,0% vexti.
5. Leigueignina (e. right-of-use asset) skal afskrifa með jöfnum línulegum hætti á leigutímanum.

### **Úrlausnarefni:**

## **Verkefni þitt er eftirfarandi**

1. (10 mín.) Færðu rök fyrir því með viðeigandi tilvísunum í greinar IFRS 16 *Leigusamningar* hver leigutíminn er.
2. (40 mín.) Sýndu þær færslur og fjárhæðir sem Félagið hf. þarf að færa í reikningsskilin bæði í upphafi og lok árs 2019 vegna leigusamningsins og leigueignarinnar. Láttu koma skýrt fram á hvaða liði reikningsskilanna fært er og hvort viðkomandi færslur eru gerðar í upphafi eða lok árs 2019. Sýndu alla nauðsynlega útreikninga.

**Svarið í excel- eða word-svarskjali**

## Verkefni 15 – 50 mín.

Nói er fjármálastjóri Seglskútunnar ehf., en hann hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2018. Nói óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins. Hann óskar eftir því að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði þar sem óvissa ríkir eða fleiri en ein aðferð kemur til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirskattanefndar, bindandi álit o.s.frv. **Taka skal afstöðu til allra liða hér að neðan.**

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Félagið var stofnað á árinu 1923 og hóf þá rekstur.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi Seglskútunnar á árinu 2018, en Nói telur að þessar upplýsingar hafi áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum (fskj. 2):

### **Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi.**

### **Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla.**

### **Niðurstöður skattalegrar fyrningaskýrslu ársins 2017.**

### **Drög að skattalegri fyrningaskýrslu ársins 2018.**

### **Greining á eignarhlutum í öðrum félögum.**

- A. Á árinu seldi félagið allar aflaheimildir sínar til dótturfélagsins Árabáts ehf. fyrir 150.000.000 kr., en á sama tíma var verð á sambærilegum aflaheimildum 120.000.000 kr. Nói hefur áhyggjur af því að aflaheimildirnar voru ekki seldar á markaðsverði til dótturfélagsins. Árabátur ehf. greiddi fyrir viðskiptin með peningum 85.000.000 kr., með bifreið 5.000.000 kr., mismunurinn var færður í til hækkunar á lánum til félagsins. Markaðsverð bifreiðarinnar var 2.000.000 kr.

### B. Skattalegar fyrningaskýrslur:

|  | Aflaheimildir        | Fiskiskip         |
|--|----------------------|-------------------|
| Heildarverð 31.12.2017 .....             | 85.000.000           | 1.500.000.000     |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2017 .....  | 0                    | ( 1.008.480.000 ) |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2017 ..... | 85.000.000           | 491.520.000       |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 0%                   | 20%               |
|  |                      |                   |
|  | <b>Aflaheimildir</b> | <b>Fiskiskip</b>  |
| Heildarverð 1.1.2018 .....               | 85.000.000           | 1.500.000.000     |
| Selt á árinu .....                       | ( 85.000.000 )       | ( 491.520.000 )   |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2018 .....  |                      | ( 1.008.480.000 ) |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2018 ..... | 0                    | 0                 |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 0%                   | 20%               |



Fiskiskipið var selt á árinu fyrir 850.000.000 kr. og aflaheimildirnar eins og áður segir fyrir 150.000.000 kr.

|  | <b>Fasteign og lóð</b> | <b>Innréttingar</b> |
|--|------------------------|---------------------|
| Heildarverð 31.12.2017 .....             | 120.000.000            | 35.000.000          |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2017 .....  | ( 24.000.000 )         | ( 28.752.281 )      |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2017 ..... | 96.000.000             | 6.247.719           |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 0-6%                   | 35%                 |

|  | <b>Fasteign og lóð</b> | <b>Innréttingar</b> |
|--|------------------------|---------------------|
| Heildarverð 1.1.2018 .....               | 120.000.000            | 35.000.000          |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2018 .....  | ( 31.200.000 )         | ( 30.938.983 )      |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2018 ..... | 88.800.000             | 4.061.017           |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 0-6%                   | 35%                 |

Fasteign félagsins sem er fiskvinnsluhús var keypt í upphafi árs 2013 og var lóðarhluti 16,67% samkvæmt gildandi fasteignamati á þeim tíma.

|  | <b>Bifreiðar</b> |
|--|------------------|
| Heildarverð 31.12.2017 .....             | 30.000.000       |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2017 .....  | ( 10.684.800 )   |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2017 ..... | 19.315.200       |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 20%              |
|  |                  |
|  |                  |
|  |                  |
|  | <b>Bifreiðar</b> |
| Heildarverð 1.1.2018 .....               | 30.000.000       |
| Keypt á árinu .....                      | 5.000.000        |
| Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2018 .....  | ( 27.067.840 )   |
| Skattalegt bókfært verð 31.12.2018 ..... | 7.932.160        |
| Fyrningarhlutföll .....                  | 20%              |

Nói var tekinn fyrir of hraðan akstur á árinu 2018. Mældist hann á 230 km. hraða á Biskupstungnabraut þar sem hámarkshraði var 90 km. Þegar þetta gerðist var mikil umferð á veginum og að auki var vegurinn verulega blautur. Samkvæmt dómi var bifreiðin gerð upptæk. Bifreiðin var afskrifuð að fullu á árinu með öðrum afskriftum fastafjármuna. Skattalegt verð bifreiðarinnar var 14.400.000 kr.

C. Félagið hefur gert framvirka samninga **á árinu** og greinast færslur vegna þeirra í ársreikningi þannig:

|   | <b>Hagnaður</b> | <b>Tap</b> |
|---|-----------------|------------|
| Samningar vegna oliukaupa, lokað í ágúst 2018 ..... | 1.895.755       |            |
| Vaxtaskiptasamningar, lokað á árinu 2018 .....      |                 | 5.897.333  |
| Vaxtaskiptasamningar, lokað í janúar 2019 .....     |                 | 7.961.400  |
| Samningar um hlutabréfakaup, lokað á árinu 2018 .   | 5.777.333       |            |
| Afkoma vegna framvirkra samninga, samtals .....     |                 | 6.185.645  |

D. Birgðir félagsins eru metnar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu.

|                                       | 2018          | 2017           |
|---------------------------------------|---------------|----------------|
| Vörubirgðir skv. talningu .....       | 132.755.000   | 125.788.000    |
| <i>Niðurfærsla skv. ársreikningi:</i> |               |                |
| Varúðarniðurfærsla .....              | ( 5.000.000 ) | ( 10.000.000 ) |
| Birgðir samkvæmt ársreikningi .....   | 127.755.000   | 115.788.000    |

E. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig, samkvæmt ársreikningi:

|   | 2018          | 2017          |
|---|---------------|---------------|
| Viðskiptakröfur samkvæmt viðskiptamannabókhaldi ...     | 101.369.030   | 171.176.530   |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna .....                       | ( 3.547.916 ) | ( 4.279.413 ) |
| Krafa vegna sölu á fiskiskipi .....                     | 350.000.000   | 0             |
| Krafa á Árabát ehf. ....                                | 135.000.000   | 75.000.000    |
| Fjármagnstekjuskattur .....                             | 2.240.740     | 4.950.550     |
| Inneign virðisaukaskatts .....                          | 4.577.667     | 7.552.560     |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur skv. ársreikningi ..... | 589.639.521   | 254.400.227   |

Í skattframtali 2018 vegna ársins 2017 var færð skattaleg hámarksniðurfærsla á viðskiptakröfur.

F. Á árinu tók félagið erlent lán að fjárhæð EUR 10.000.000. Lánið er afborgunarlaust til 5 ára, en greiddir eru vextir af láninu síðasta dag hvers mánaðar.

|   |        |
|---|--------|
| Skuldin er uppreiknuð í árslok á miðgengi, sem var .... | 133,23 |
| Á sama tíma var gengi Seðlabanka Íslands þannig:        |        |
| Kaupgengi .....   | 132,86 |
| Sölugengi .....   | 133,60 |

G. Félagið hefur frestað gengismun í samræmi við skattalög.

|  |            |
|--|------------|
| Gengishagnaður í ársreikningi 2016 var ..... | 15.773.875 |
|--|------------|

H. Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við nokkra stjórnendur hjá félaginu. Á árinu nýttu þeir sér hluta af kaupréttunum.

|  |               |
|--|---------------|
| Skattskyld hlunnindi vegna nýtingu kauprétta ..... | 15.000.000    |
| Lækkun á skuldbindingu vegna kauprétta .....       | ( 8.000.000 ) |

I. Þrátt fyrir að bifreiðin sem Nói hafði til umráða væri tekin af félaginu vegna glæfraaksturs hans þá fékk hann aðra bifreið til afnota. Hlunnindi og kostnaður vegna bifreiðanna sundurliðast þannig:

|                         |  |            |
|-------------------------|--|------------|
| <b>Bifreið 1:</b>       |  |            |
| Bifreiðahlunnindi ..... |  | 2.646.000  |
| Rekstrarkostnaður ..... |  | 875.333    |
| Fyrningar .....         |  | 16.200.000 |
| <b>Bifreið 2:</b>       |  |            |
| Bifreiðahlunnindi ..... |  | 583.333    |
| Rekstrarkostnaður ..... |  | 1.733.800  |
| Fyrningar .....         |  | 2.000.000  |

J. Félagið átti yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2017 að fjárhæð 275.877.300 kr. og sundurliðast það þannig:

|  |             |
|--|-------------|
| Tap vegna ársins 2007 .....              | 69.811.516  |
| Tap vegna ársins 2008 .....              | 95.337.756  |
| Tap vegna ársins 2009 .....              | 110.728.028 |
| Yfirfæranleg skattaleg töp samtals ..... | 275.877.300 |

#### Úrlausnarefni:

Nói óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattstofn félagsins. Hann óskar eftir því að skattstofn félagsins verði lágmarkaður eða yfirfæranlegt tap hámarkað. Hann vill jafnframt útskýringar þar sem að ykkar mati koma til greina fleiri en ein aðferð við að leiða fram skattstofn, eða um aðferðirnar ríkir óvissa. Ef um liði þar ríkir óvissa eða fleiri en ein aðferð kemur til greina þurfið þið að útskýra það fyrir honum með tilvísunum í lög, úrskurði Yfirskattanefndar, bindandi álit o.s.frv.

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

**Svarið í excel-svarskjali**

## Verkefni 16 – 60 mín.

Hjá GlobalAudit starfa um 80 starfsmenn. Félagið var stofnað 1980 og starfrækir endurskoðunarsvið og skattasvið. GlobalAudit hefur nýverið sett fram nýja þjónustulínu í upplýsingatækniráðgjöf sem aðstoðar fyrirtæki að vinna að frekari sjálfvirkni í rekstri, þ.e. róbótavinnu.

Þú hefur nýverið tekið að þér verkefnastjórn á endurskoðunarsviði eftir að hafa starfað sem löggiltur endurskoðandi hjá félaginu í þrjú ár. Þitt fyrsta verkefni er að aðstoða áritunarendurskoðandann (e. engagement partner) við að fara í gegnum samþykktarferlið (e. client acceptance) með nýjan viðskiptavin, fyrirtækið Lyfjalausnir. Áritunarendurskoðandinn hitti nýverið stjórnarformann fyrirtækisins á viðskiptaþingi. Stjórnarformaðurinn kvaðst hafa fylgst með ráðgjafavinnu sem GlobalAudit hefur unnið fyrir Lyfjalausnir og sagðist vera mjög ánægður með veitta þjónustu. Ráðgjöfin fólst í ferlagreiningu til að greina möguleg verkefni innan fyrirtækisins fyrir sjálfvirkni og róbótavinnu.

Í samræðum þeirra kom fram að Lyfjalausnir hefði í hyggju að segja upp núverandi endurskoðanda sínum. Ástæðan væri sú að þeir þyrftu nú að hafa aðgang að stærri endurskoðunarstofu þar sem fyrirtækið væri að undirbúa skráningu í kauphöll. Félagið hefur undanfarin tíu ár verið endurskoðað, þrátt fyrir að hafa ekki verið yfir endurskoðunarmörkum allan tímann, meðal annars til auðvelda fjármögnun og standast útboðskröfur en fyrirtækið hefur undanfarið tekið þátt í útboðum til opinberra aðila. Áritunarendurskoðandinn og einn af eigendum GlobalAudit er spenntur að taka Lyfjalausnir í endurskoðun. Fyrirtækið er þekkt á Íslandi og í góðri markaðsstöðu. GlobalAudit hefur hins vegar ekki um árabil endurskoðað lyfjafyrirtæki. Helstu upplýsingar um Lyfjalausnir eru í fylgiskjölum 3 og 4.

### Úrlausnarefni:

**Hvaða atriði telur þú að komi til álita að framkvæma áður en GlobalAudit tekur Lyfjalausnir í viðskipti? Taktu saman minnisblað um hvort þú teljir að GlobalAudit eigi að samþykkja fyrirtækið sem viðskiptavin eða ekki.**

**Taktu tillit til fjárhagslegra og ófjárhagslegra upplýsinga við ákvörðunina um hvort GlobalAudit eigi að taka viðskiptavininn í viðskipti og gættu sérstaklega að því að uppfylla kröfur laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Láttu einnig koma skýrt fram hvaða áhættuþætti í endurskoðuninni má þegar greina í samþykktarferlinu. Ef þú telur að frekari upplýsinga sé þörf áður en hægt er að taka ákvörðun um hvort taka eigi Lyfjalausnir í viðskipti skaltu gera grein fyrir því hvaða upplýsingar þú telur að vanti.**

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

### **Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 17 – 95 mín.

Leystu eftirfarandi fyrir fyrirtækið Lyfjalausnir út frá upplýsingum sem fram komu í verkefni 16 og í fylgiskjali 3 og 4. Leystu verkefnið án tillits til niðurstöðu í verkefni 16 um það hvort taka skuli Lyfjalausnir í viðskipti.

### Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að:

- A. (17 mín.) Framkvæma upphafsgreiningu (e. preliminary analytics) í tengslum við endurskoðun á ársreikningi 2019 og skipulagningu endurskoðunar á fyrirtækinu Lyfjalausnum.
- B. (16 mín.) Ákvarða mikilvægismörk (e. overall materiality) og skipulagningarmikilvægismörk (e. performance materiality) til notkunar við skipulagningu á endurskoðun ársins 2019. Rökstyddu útreikninginn og aðferðafræðina.
- C. (45 mín.) Framkvæma áhættumat sem tengist endurskoðun á Lyfjalausnum fyrir rekstrarárið 2019 með áherslu á greiningu lykiláhættuþátta (e. significant risks). Rökstyddu mat þitt og skýrðu frá þeim aðferðum sem þú beitir við matið.
- D. (17 mín.) Gera drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. further audit procedures) fyrir lykiláhættuþætti (e. significant risk).

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 18 – 50 mín.

Eftirfarandi eru upplýsingar um félagið Framtíðardraumur hf. Félagið beitir alþjóðlegum reikningskilastöðlum og eru hlutabréf þess skráð í kauphöll.

1. Hagnaður ársins 2018 nam 1.500.000 kr. en vegna endurmats fasteigna félagsins í árslok 2018 og þýðingarmunar vegna erlends hlutdeildarfélags nam heildarhagnaður ársins 2.750.000 kr.
2. Útgefið hlutafé félagsins í upphafi árs 2018 var 500.000 hlutir og var það allt útistandandi í upphafi árs 2018. Hver hlutur er 1 kr. að nafnverði. Í samræmi við heimild hluthafafundar keypti félagið 25.000 eigin hluti á genginu 10,0 þann 1. apríl 2018. Hlutina ætlar félagið að eiga til að efna kaupréttarsamninga við starfsmenn ef það gerir þess háttar samninga í framtíðinni.
3. Þann 1. júlí 2018 var hlutafé félagsins aukið þegar gefnir voru út og seldir 100.000 nýir hlutir. Þeir voru seldir á genginu 11,0.
4. Þann 1. október 2018 gaf félagið út breytanleg skuldabréf. Nafnverð skuldabréfanna er 1.000.000 kr. Skuldabréfin eru til fjögurra ára. Þau eru óverðtryggð og bera 8,0% nafnvexti. Samkvæmt ákvæðum skuldabréfanna skulu áfallnir vextir greiddir einu sinni á ári (fyrsta greiðsla verður 1. október 2019) en höfuðstóllinn skal greiddur til baka í einu lagi þann 1. október 2022. Bréfin voru seld á nafnverði, þ.e. á pari. Eigendum skuldabréfanna er heimilt hvenær sem er að skipta höfuðstól bréfanna í almenn hlutabréf í félaginu við skiptigenginu 1/20. Með öðrum orðum mun félagið þurfa að gefa út einn nýjan hlut fyrir hverjar 20 kr. af nafnverði skuldabréfs ef skuldabréfaeigandi nýttir sér breytirétt sinn. Samhliða nýtingu breytiréttarins myndi skuldabréfaeigandi fá áfallna vexti skuldabréfsins greidda í peningum. Enginn skuldabréfaeigandi nýtti sér breytiréttinn á árinu 2018. Hefðu skuldabréfin ekki innifalið fyrrnefndan breytirétt hefði ávöxtunarkrafa fjárfesta verið 12,0%.
5. Í upphafi árs 2015 veitti félagið fimm lykilstjórnendum sínum kauprétt að hlutabréfum félagsins. Skilyrði fyrir nýtingu kaupréttar var að viðkomandi lykilstjórnandi myndi vinna hjá félaginu næstu þrjú árin, þ.e. til loka árs 2017. Þrír þessara fimm lykilstjórnenda félagsins voru enn við störf í lok árs 2017 (sem og í lok árs 2018). Stjórnendurnir þrír mega hver um sig kaupa 10.000 hluti í félaginu á genginu 8,0 kr. á hlut. Kaupréttirnir eru nýtanlegir til ársloka 2020. Meðalmarkaðsgengi hlutabréfa félagsins var 12,0 á árinu 2018. Enginn þessara lykilstjórnenda nýtti sér kaupréttina á árinu 2018 enda telja þeir líkur á að góður rekstur félagsins síðustu ár og bjartar framtíðarhorfur muni leiða til hækkunar á gengi félagsins á næstunni. Þeir telja því vænlegt að bíða með að nýta kaupréttina.

Tekjuskattshlutfall er 20%.

**Úrlausnarefni:**

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

- 1. (15 mín.) Sýndu þær færslur og fjárhæðir sem Framtíðardraumur hf. þarf að gera þegar breytanlegu skuldabréfin eru gefin út og seld á markaði þann 1. október 2018. Nauðsynlegt er að sýna með skýrum hætti á hvaða liði reikningsskilanna fært er.**
- 2. (10 mín.) Reiknaðu grunnhagnað á hlut fyrir árið 2018.**
- 3. (25 mín.) Reiknaðu þynntan hagnað á hlut fyrir árið 2018.**

**Sýndu alla nauðsynlega útreikninga.**

**Svarið í excel- og/eða word-svarskjali**

## **Verkefni 19 – 40 mín.**

Formaður endurskoðunarnefndar eins af stærri lífeyrissjóðum landsins leitar til þín. Nefndin hefur nýverið fundað með ytri endurskoðendum sjóðsins í tengslum við skipulagningu endurskoðunar ársreiknings 2019. Á þeim fundi kom fram að einn mikilvægasti þjónustuaðili sjóðsins hefur ekki látið framkvæma staðfestingarvinnu samkvæmt ISAE 3402 eins og undanfarin ár og hyggst ekki gera það í ár. Ástæðan er sögð sú að umtalsverður kostnaður sé fólgin í svona úttekt og þar sem kerfi þjónustuaðilans hafi ekkert breyst á árinu 2019 sé ekki ástæða til að framkvæma þessa vinnu í ár. Kerfi þjónustuaðilans sem lífeyrissjóðurinn kaupir þjónustu af eru verðbréfakerfi og lífeyriskerfi.

Stjórnendur sjóðsins eru sama sinnis og hafa sömuleiðis ráðfært sig við stjórnendur annarra lífeyrissjóða sem flestir eru sammála þessari niðurstöðu. Þeir rökstyðja mál sitt með því að úttektaraðilinn, sem hefur verið hinn sami í nokkur ár, hafi komist að sömu niðurstöðu undanfarin ár og því sé lítil virðisauki í ISAE 3402 skýrslunni. Hins vegar sé búið að ákveða að framkvæma þessa úttekt á næsta ári og verði hún framvegis á tveggja ára fresti nema ef um verulegar breytingar sé að ræða á kerfinu. Stjórnendur nefna einnig að skýrslan sé yfirleitt mjög almennt orðuð og fjalli um eftirlitsþætti sem hafi lítið með sjóðinn að gera og hafi því lítið gildi fyrir hann.

Formaður endurskoðunarnefndarinnar segist hafa litla innsýn í endurskoðunarstaðla. Hún leitar til þín um frekari leiðbeiningar. Hún nefndi líka að nefndin hafi verið að fara yfir skýrslur innri endurskoðanda. Árlega er gefin út ein heildarskýrsla frá innri endurskoðanda og á síðasta ári var skýrslan 70 blaðsíður. Skýrslan hafi verið mjög vel unnin. Áhættueftirlit er starfrækt hjá sjóðnum í samræmi við reglur og hafa starfsmenn áhættueftirlits meðal annars yfirumsjón með áhættumati í lífeyrissjóðnum. Formaðurinn telur þó erfitt fyrir nefndina að fá yfirsýn yfir hina ýmsu eftirlitsþætti hjá sjóðnum út frá svona langri skýrslu innri endurskoðanda og ítarlegu áhættumati stjórnenda. Hún spyr því hvort þú vitir um einhverja aðferðafræði eða skjöl sem gæti bætt yfirsýn stjórnenda og stjórnar yfir eftirlitsþætti í sjóðnum. Hún hafi líka heyrt talað um varnarlínur (e. lines of defence) og sé að velta fyrir sér hvernig þær virki fyrir t.d. lífeyrissjóðinn. Sjá skipurit lífeyrissjóðsins í fylgiskjali 5.

### **Úrlausnarefni:**

#### **Verkefni þitt er:**

**A. Gerðu drög að svarbréfi til formanns endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðsins. Í svarinu þyrfti að lágmarki eftirfarandi að koma fram:**

- **Stutt og greinargóð samantekt á ISAE 3402 staðlinum og gildi hans fyrir lífeyrissjóðinn og endurskoðendur sjóðsins.**
- **Hvert er álit þitt á þessari breytingu, þ.e. að ISAE 3402 skýrslan liggja ekki fyrir? Hefur breytingin áhrif á nálgun við endurskoðun ársreiknings 2019?**

**B. Gerðu drög að svarbréfi til formanns endurskoðunarnefndar lífeyrissjóðsins. Í svarinu þyrfti að lágmarki eftirfarandi að koma fram:**



- Hvað felst í líkaninu um varnarlínur og hvernig myndu þær koma fram í lífeyrissjóði?
- Hvaða önnur skjöl eða líkön gætu nýst stjórnendum og stjórn til að fá betri yfirsýn yfir áhættu- og eftirlitsþætti, þ.e. hver gerir hvað og hvenær?

*Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.*

**Svarið í word-svarskjali**

## Verkefni 20 – 40 mín.

Fjármálastjóri Virkra vandræða ehf. óskar eftir aðstoð þinni til að reikna út skattskuldbindingu (skatteign) félagsins í árslok og við að reikna út virkan tekjuskatt ársins.

Tekjuskattsstofn Virkra vandræða ehf. í árslok 2018 greinist þannig:

|  |                  |
|--|------------------|
| <b>Hagnaður skv. rekstrarreikningi</b> .....                     | 490.174.234      |
| Tekjuskattur ársins .....  | 14.010.641       |
| Rekstrarkostnaður bifreiða umfram hlunnindi .....                | 1.500.000        |
| Útvarpsgjald .....   | 17.100           |
| Frádráttur á móti tekjufærðum arði .....                         | ( 142.777.778 )  |
| Afskriftir fastafjármuna skv. ársreikningi .....                 | 546.600.850      |
| Afskriftir fastafjármuna skv. skattalögum .....                  | ( 569.135.474 )  |
| Aukaafskrift skv. skattalögum .....                              | ( 14.400.961 )   |
| Söluhagnaður fastafjármuna skv. ársreikningi .....               | ( 10.381.733 )   |
| Söluhagnaður fastafjármuna skv. skattalögum .....                | 14.400.961       |
| Sölutap hlutabréfa skv. ársreikningi .....                       | 115.556          |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga .....                           | ( 395.764.323 )  |
| Tekjufærður arður - færður á eignarhlutinn .....                 | 117.777.778      |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna skv. skattalögum í upphafi árs ..... | 170.327.905      |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna skv. skattalögum í árslok .....      | ( 47.632.066 )   |
| Niðurfærsla krafna skv. ársreikningi, breyting ársins .....      | ( 188.403.664 )  |
| Niðurfærsla birgða skv. skattalögum í upphafi árs .....          | 70.268.789       |
| Niðurfærsla birgða skv. skattalögum í árslok .....               | ( 6.618.595 )    |
| Niðurfærsla birgða skv. ársreikningi, breyting ársins .....      | ( 45.659.873 )   |
| Gengistap (-hagnaður) ársins .....                               | ( 1.572.149 )    |
| Tekjufærsla (gjaldfærsla) vegna núvernadi ár .....               | 524.050          |
| Tekjufærsla vegna fyrri ára .....                                | 1.193.870        |
| (Gjaldfærsla) vegna fyrri ára .....                              | ( 14.830.240 )   |
| Tekjufærður RANNÍS-styrkur - lækkun á skattgreiðslum .....       | ( 15.000.000 )   |
| <i>Samsköttunarfélög - tekjuskattsstofn / hagnaður (tap):</i>    |                  |
| Endalaust vesen ehf. ....  | 30.000.000       |
| <b>Tekjuskattsstofn</b> .....                                    | <b>4.734.878</b> |

| Skattskuldbinding 1.1. sundurliðaist þannig á einstaka liði: | Skattalög       | Ársreikningur   | Skattskuldbinding (skatteign) |
|--|-----------------|-----------------|-------------------------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....                           | 3.875.633.877   | 4.125.755.000   | 50.024.225                    |
| Viðskiptakröfur (niðurfærsla) .....                          | ( 170.327.905 ) | ( 250.403.664 ) | ( 16.015.152 )                |
| Birgðir (niðurfærsla) .....                                  | ( 70.268.789 )  | ( 115.659.873 ) | ( 9.078.217 )                 |
| Dreifing gengismunar .....                                   | 12.442.500      |                 | ( 2.488.500 )                 |
| <b>Skattskuldbinding 1.1.2018</b> .....                      |                 |                 | <b>22.442.356</b>             |

| <b>Viðbótarupplýsingar sem ekki eru í skattstofni:</b> |                |
|--|----------------|
| Seldir fastafjármunir .....                            | 25.000.000     |
| Seldir eignarhlutir í félögum .....                    | 500.000        |
| Gengistap frá árinu 2016 .....                         | ( 14.830.240 ) |
| Gengishagnaður ársins 2017 .....                       | 2.387.740      |

**Úrlausnarefni:**

**Fjármálastjóra Virkra vandræða ehf. óskar eftir aðstoð þinni við að reikna út skattskuldbindingu (skatteign) félagsins í árslok og við að reikna út virkan tekjuskatt ársins.**

**Hann vill fá skattskuldbindinguna í árslok sundurliðaða niður á einstaka liði í samræmi við skattskuldbindingu (skatteign) í ársbyrjun.**

**Hann vill fá greiningu á virkum tekjuskatti ársins þannig að sýndur sé skattur miðað við gildandi skatthlutfall ásamt áhrifum einstakra liða.**

**Svarið í excel-svarskjali**